

# Ársskýrsla 2021



**Samkvæmt samþykktum félagsins eru tilgangur þess:**

Að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í anda Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

Að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.

Að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá.

Að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.

Að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna.

Að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.

Að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

## EFNISYFIRLIT

FRÁ STJÓRNARFORMANNI .....	4
STARF FÉLAGSINS .....	5
ÁRSREIKNINGUR.....	8
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA .....	9
REKSTRAREIKNINGUR.....	11
EFNAHAGSREIKNINGUR .....	12
SJÓÐSSSTREYMI .....	13
SKÝRINGAR .....	14
ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA.....	17
ÆTTLEIÐINGARSAGA – OKKAR BARNALUKKA.....	18
REGNHLÍFASAMTÖK .....	21
SAMSTARFLÖND .....	23
STJÓRN OG STARFSFÓLK 2021 .....	24

## FRÁ STJÓRNARFORMANNI


Eftir sérstakt ár 2020 var vonast eftir því að faraldurinn hefði ekki eins mikil áhrif á 2021, en því miður varð það ekki raunin. Áskoranir héldu áfram og það umhverfi sem við þekktum áður hefur tekið stöðugum breytingum. Starf félagsins hélst að mestu óbreytt en ekki var hægt að bjóða upp á þá fræðslu og félagsstarf sem búið var að gera áætlanir um. Við styrktum samskiptin við upprunaríkin í gegnum rafrænar lausnir og höfum lært mikið á þessum tveimur árum sem faraldurinn hefur geisað.

Samstarf við Dómsmálaráðuneytið var á svipaðan hátt og árið áður en vonir höfðu verið um að hægt væri að yfirfara þjónustusamnings félagsins við ráðuneytið en ekkert varð úr því. Í upphafi árs 2022 verður skrifað undir þjónustusamning til eins árs og vonum við að endurskoðun á honum verði kláruð á nýju ári og einnig reglugerðir tengdar ættleiðingum.

Í desember var haldið jólaball Íslenskrar ættleiðingar en ekki var hægt að halda það 2020 vegna samkomutakmarkana í tengslum við Covid-19. Gaman var að sjá börnin hlaupa um salinn, dansa í kringum jólatré og fagna jólasveinunum sem komu með smá glaðning.

Í lok árs kláraði ég að vinna fyrir félagið sem formaður og tók á móti nýju ári sem framkvæmdarstjóri Íslenskrar ættleiðingar. Ég þakka allt traust sem mér hefur verið sýnt síðustu ár og því að taka við þessu mikilvæga starfi. Ég vil þakka forvera mínu, Kristni Ingvarssyni, fyrir vel unnin störf í gegnum árin en hann vann fyrir félagið í 12 viðburðarrík ár. Vonandi heldur hann áfram að kynna Íslenska ættleiðingarmódelið á alþjóðavettvangi, því það er mikilvægt að allt sem tengist ættleiðingum sé hugsað út frá hag barnsins.

Miklar breytingar eru því í gangi sem starfsfólk og stjórn félagsins telja af hinu góða og horfa björtum augum fram á við.



Stjórnarformaður Íslenskrar ættleiðingar

*Elioabn H. Ólafsson*

## STARF FÉLAGSINS

Síðastliðið ár var óvenjulegt í alla staði og hver áskorunin tók við af annarri. Starf ættleiðingarfélaga var óvenjulegt í alla staði eins og annað á þessu blessaða ári og var mikil umræða innan samstarfsfélaga um þær áskoranir sem félögin stóðu frammi fyrir. Starf Íslenskrar ættleiðingar gat þó haldið með nokkuð eðlilegum hætti og má þakka það góðu samstarfi við upprunaríkin sem félagið starfar með, enda hefur verið lögð áhersla á að styrkja tengslin við þær stofnanir sem félagið er í mestu samstarfi við.

*...til að barn nái fullum þroska sem heilsteyppt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástuð og skilning*


### Fyrstu viðtöl



Flestir sem nýta sér þjónustu félagsins hefja ferðalagið í svonefndu fyrsta viðtali. Hvert viðtal tekur um 90 mínútur þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. Þrátt fyrir að takmarkanir vegna Covid-19 hefðu nokkur áhrif á starf skrifstofu voru 20 fyrstu viðtöl bókuð hjá féluginu.

### Forsamþykki

Íslensk ættleiðing hefur milligöngu um að senda umsóknir um forsamþykki til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en embættið er ábyrgt fyrir að kanna aðstæður umsækjenda og veita eða synja um forsamþykki. Sýslumannsembættið óskar eftir liðsinni barnaverndarnefnda við könnun á högum umsækjenda.



upprunalandi.

Sýslumannsembættið getur einnig leitað til Ættleiðingarnefndar til að fá umsögn ef þurfa þykir. Ættleiðingarnefnd er skipuð af dómstmálaráðherra. Árið 2021 voru 7 umsóknir um forsamþykki. Sýslumannsembættið gaf út 6 forsamþykki á árinu, þá voru gefin út 2 ný forsamþykki, þ.e. endurnýjuð forsamþykki til þeirra sem eiga umsókn í

*... að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt, og að komið sé í veg fyrir brott nám barna, sölu þeirra og verslun með þau*

### **Ættleiðingarnefnd**

Sýslumannsembættið vísaði 2 umsóknum til Ættleiðingarnefndar, en það var 1 árinu áður. Ættleiðinganefnd veitti hins vegar 1 sinni umsögn sem er það sama og árið á undan. Vinnslutími Ættleiðingarnefndar var langt umfram það sem eðlilegt er, en sýslumannsembættið óskar eftir áliði nefndarinnar innan þriggja mánaða.

### **Kærur**

Sýslumannsembættið synjaði alls 1 umsókn á árinu. 1 synjun var kærð til Dómsmálaráðuneytisins á árinu og úrskurðaði ráðuneytið sömuleiðis í 1 máli, frá 2019.


*Í upprunaríkinu má aðeins taka ákvörðun um að barn skuli sett í umsjá væntanlegra kjörforeldra ef: ...miðstjórnvöld beggja ríkja hafa samþykkt að ættleiðingin megi fara fram*

### **Umsóknir í upprunalandi**

Íslensk ættleiðing hafði milligöngu um að senda 6 umsóknir til upprunalands á árinu, tvær til Tógó, þrjár til Tékklands og ein umsókn var dregin til baka.

### **Börn**

Upplýsingar um 3 börn voru skoðaðar af sérfræðingum félagsins á árinu. Þau voru öll ættleidd á árinu auk barns sem upplýsingar bárust um í lok árs 2020, samtals 4 börn ættleidd á árinu.



## Fræðsla

Tímamót urðu í starfi félagsins urðu árið 2018 þegar ný fræðsluáætlun tók gildi. Með henni jókst fræðsla til umsækjenda og færðist hún mun framari í ættleiðingarferilinn en áður. Þá var tekið upp nýtt verklag þegar umsækjendur leggja fram umsókn um forsamþykki og hefur frá þessum tíma verið gerður samningur á milli umsækjanda og félagsins um þá þjónustu sem veitt er í ferlinu.

Með því að færa fræðsluna framari í ferlið er markmiðið að þekking umsækjenda á ættleiðingarmálauflokknum komist til skila inn í umsögn barnaverndar. Þetta hefur stuðlað að því að fjölskyldur frá Íslandi skera sig út þegar kemur að þekkingu, þegar þær eru bornar saman við aðra umsækjendur í upprunalöndum barnanna sem félagið starfar með.

Fræðslan hefst í fyrsta viðtali þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. Það ætti að leiða til námskeiðsins **Er ættleiðing fyrir mig?**, sem er 4 daga námskeið sem á að aðstoða þátttakendur í að taka ákvörðun um hvort ættleiðing sé kostur sem þeir ættu að skoða betur. Það náðist að halda eitt námskeið á árinu og voru 8 þátttakendur á því. Leiðbeinendur eru tveir, þær Rut Sigurðardóttir félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur hjá ÍÆ og Þórgunnur Vigfúsdóttir, skólastjóri. Einnig komu erindi frá kjörmóður og uppkominni ættleiddri konu.

Árið 2021 voru 19 fræðsluviðtöl til umsækjenda í forsamþykkisferli og 5 viðtöl við starfsmenn barnaverndar. Félagið veitir ráðgjöf og stuðning á biðtímanum og leggur áherslu á að umsækjendur séu virkir í biðinni, með því að afla sér þekkingar á málefnum ættleiddra barna. Á síðasta ári voru 5 viðtöl við umsækjendur sem eiga umsókn í upprunalandi og voru að uppfæra upplýsingar í umsókninni.

Samkvæmt fræðslu- og stuðningsáætlun hefur félagið frumkvæði að eftirfylgd eftir að fjölskyldur koma til Íslands eftir dvöl í upprunalandi barnsins. Árið 2021 voru 6 viðtöl til fjölskyldna sem voru komnar heim til Íslands. Þessi þjónusta er viðbót við gerð eftirfylgdarskýrslna sem eru gerðar að kröfu upprunaríkjja barnanna. Óháðir félagsráðgjafar heimsækja fjölskyldurnar í samræmi við reglur upprunaríkjanna og safna upplýsingum og gefa álit á hvernig framvinda fjölskyldunnar hefur verið frá sameiningu. Þessar skýrslur eru þýddar og sendar til miðstjórvalds upprunaríkisins.

Þjónusta við börn sem eru að hefja skólagöngu hefur aukist mikið, enda ekki vanþörf á. Á síðastliðnu ári heimsótti félagsráðgjafi félagsins leikskóla tvísvar sinnum og grunnskóla sjö sinnum. Heimsóknir í skóla eru margvíslegar, stundum er fundað með öllum starfsmönnum skólans, stundum bara með kennurum barnsins og stundum stuðningur inn á teymisfundi. Þá hafa þrjár fjölskyldur leitað eftir frekari þjónustu, eftir að þjónustuáætlun félagsins sleppir. Félagið hefur í gegnum tíðina boðið uppá fjölbreytta fræðslu sem er opin félagsmönnum og almenningu.

## ÁRSREIKNINGUR

Árið 2021 voru félagsmenn Íslenskrar ættleiðingar alls 356 talsins. Til að sinna hlutverki sínu sem sett er fram í lögum og reglugerðum hefur félagið gert þjónustusamning við dómsmálaráðuneytið um skilgreinda þjónustu til að tryggja að veita umsækjendum liðsinni sem nauðsynlegt er til að af lögmætri ættleiðingu geti orðið. Grunnforsendur félagsins eru tryggðar með framlagi ríkisins í þjónustusamningnum og er rekstrargrundvöllur félagsins ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga. Þetta fyrirkomulag er nú nefnt Íslenska ættleiðingarmódelið og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur eru meginstoðir í ættleiðingarferlinu og er sú lágmarksþjónusta tryggð með framlagi ríkisins til þjónustusamningsins. Þjónustusamningurinn tekur aðeins til þjónustu um milligöngu um ættleiðingu, en ekki þjónustu eftir ættleiðingu. Þjónusta eftir ættleiðingu er enn ófjármögnuð en megináhersla verður lögð á að auka skilning miðstjórvaldsins á hlutverki sínu í þjónustu eftir ættleiðingu og að fá viðurkenningu á mikilvægi þjónustunnar til heilla ættleiddum börnum og fjölskyldum þeirra. Í lok árs 2021 barst féluginu nýr þjónustusamningur til eins árs sem ekki var undirritaður fyrr en á árinu 2022 og gildir til loka þess árs.

*Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt. Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.*

Tekjur Íslenskrar ættleiðingar á árinu 2021 voru tæpar 41 milljónir, sem er lækkun um 3 milljónir frá 2020, en munar þar mestu um greiðslu vegna þjónustusamnings við Félagsmálaráðuneytið uppá 2 milljónir sem kom 2020. Tekjur af félagsgjöldum lækka um kr. 364.500 frá fyrra ári. Að þessu sinni var tap á rekstri félagsins kr. 3.051.969 mikil breyting frá 2020 þar sem hagnaður var kr. 3.675.248 en í ársskýrslu þess árs var það tekið fram að varlega ætti að fara í að leggja mat á breytingar á ársreikningi, líklegt er að ekki verði það sama við eðlilegt rekstrarár. Handbært fé lækkar um 2,6 milljónir frá fyrra ári. Mestu breytingar á milli ára komu til vegna lækkunar á tekjum félagsins en 2020 kom greiðsla vegna þjónustusamnings við Félagsmálaráðuneytið. Styrkur barst frá kjörføreldrum uppá rúmar kr. 800.000.

*Viðurkennd stofnun skal:*

- a. einungis vinna að ófjárhagslegum markmiðum samkvæmt þeim skilmálum og innan þeirra marka sem kveðið er á um af bærum stjórnvöldum viðurkenningarríkisins;
- b. hafa stjórnendur og starfsmenn sem eru hæfir hvað siðferðiskröfur og menntun eða reynslu varðar til starfa á sviði ættleiðingar milli landa; og
- c. lúta eftirliti bærra stjórnvalda þess ríkis hvað varðar skipulag, rekstur og fjárhag.

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

## Til stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar ættleiðingar fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóöstremi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda* hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri ættleiðingu í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegi skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafí leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafí leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slikar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftiriti, ef við á.

Reykjavík, 17. mars 2022

Rýni endurskoðun ehf.

Kristinn Þórhilsson  
endurskoðandi

## REKSTRAREIKNINGUR

	Skýringar	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur .....	3	<u>40.976.073</u>	<u>44.287.145</u>
		40.976.073	44.287.145
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	9	34.622.140	32.066.958
Kostnaður vegna ættleiðinga .....	9	1.933.045	1.982.727
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	9	2.401.591	1.629.630
Annar rekstrarkostnaður .....	9	4.765.136	5.115.658
Afskriftir .....	4	131.756	164.695
		<u>43.853.668</u>	<u>40.959.668</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		(2.877.595)	3.327.477
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		11.762	59.930
Vaxtagjöld, gengismunur og bankakostnaður .....		(186.136)	287.841
		<u>(174.374)</u>	<u>347.771</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>(3.051.969)</u>	<u>3.675.248</u>



## EFNAHAGSREIKNINGUR

<b>Eignir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Tölvubúnaður, innréttigar og áhöld .....	4	<u>527.026</u>	<u>658.782</u>
		527.026	658.782
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	5	727.943	744.299
Handbært fé .....		<u>9.193.337</u>	<u>11.813.981</u>
		9.921.280	12.558.280
<b>Eignir samtals</b>		<u><b>10.448.306</b></u>	<u><b>13.217.062</b></u>

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
<b>Eigið fé</b>			
Viðbragðossjóður .....			
Óráðstafað eigið fé .....	6	<u>1.360.000</u>	<u>1.360.000</u>
		(672.594)	2.379.375
		<u>687.406</u>	<u>3.739.375</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir .....	7,8	<u>9.760.900</u>	<u>9.477.687</u>
		9.760.900	9.477.687
<b>Skuldir samtals</b>		<u><b>9.760.900</b></u>	<u><b>9.477.687</b></u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>10.448.306</b></u>	<u><b>13.217.062</b></u>

## SJÓÐSSTREYMI

	Skýringar	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins .....	(3.051.969)	3.675.248	
Rekstrarlöðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	131.756	164.695
		(2.920.213)	3.839.943
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	16.356	252.851	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....	283.213	(1.119.385)	
	299.569	(866.534)	
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....	11.813.981	8.840.572	
<b>Handbært fé í lok árs</b>			
	9.193.337	11.813.981	



## SKÝRINGAR

### 3. Tekjur

Tekjur ársins sundurliðast þannig:	2021	2020
Félagsgjöld .....	1.183.600	1.548.100
Framlag frá þjónustumiðstöð .....	1.200.000	1.200.000
Ættleidningargjöld erlendis .....	2.845.848	3.716.294
Framlög úr ríkissjóði .....	34.000.000	34.000.000
Framlög frá Félagsmálaráðuneyti .....	0	2.045.000
	<u>39.229.448</u>	<u>42.509.394</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Námskeið .....	581.000	1.322.000
Félagsstarf .....	149.300	226.000
Styrkir .....	896.325	115.291
Aðrar tekjur .....	120.000	114.460
	<u>1.746.625</u>	<u>1.777.751</u>
<b>Tekjur samtals</b>	<b><u>40.976.073</u></b>	<b><u>44.287.145</u></b>

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttigar	Samtals
<b>Árslok 2020:</b>		
Bókfaert verð i ársbyrjun .....	823.477	823.477
Afskriftir .....	(164.695)	(164.695)
Bókfaert verð i árslok .....	<u>658.782</u>	<u>658.782</u>
 Bókfaert verð i árslok 2020 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(1.947.237)	(1.947.237)
Bókfaert verð i árslok .....	<u>658.782</u>	<u>658.782</u>
 <b>Árslok 2021:</b>		
Bókfaert verð i ársbyrjun .....	658.782	658.782
Afskriftir .....	(131.756)	(131.756)
Bókfaert verð i árslok .....	<u>527.026</u>	<u>527.026</u>
 Bókfaert verð i árslok 2021 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(2.078.993)	(2.078.993)
Bókfaert verð i árslok .....	<u>527.026</u>	<u>527.026</u>

### 5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2021	2020
Félagsgjöld .....	837.243	1.361.196
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(109.300)	(616.897)
Viðskiptakröfur, nettó .....	<u>727.943</u>	<u>744.299</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 6. Eigið fé

### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Viðbragðssjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2020:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.360.000	(1.295.873)	64.127
Tap ársins .....	0	3.675.248	3.675.248
Staða í árslok .....	1.360.000	2.379.375	3.739.375
<b>Hreyfingar 2021:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.360.000	2.379.375	3.739.375
Hagnaður ársins .....	0	(3.051.969)	(3.051.969)
Staða í árslok .....	1.360.000	(672.594)	687.406

## 7. Aðrar skammtimaskuldir

### Aðrar skammtimaskuldir greinast þannig:

	2021	2020
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	2.787.322	1.600.374
Bíðreikningur vegna fyrihugaðrar stofnunar styrktarsjóðs .....	6.379.771	6.379.771
Ógreitt framlag til þjónustumiðstöðvar .....	0	1.200.000
Aðrar skammtimaskuldir .....	593.807	297.542
	<u>9.760.900</u>	<u>9.477.687</u>

## 8. Önnur mál

### Skuldbindingar

Á árinu 2011 var ákveðið að setja á stofn styrktarsjóð og safnað var fjármunum að fjárhæð 5,5 m.kr. Fyrihugað var að klára stofnun hans á árinu 2018. Félagið hugðist leggja sjóðnum til ofangreinda fjárhæð með áföllnum vöxtum. Rekstur félagsins hefur verið í jánum síðastliðin ár og hefur félagið óskað eftir því við ráðuneytið að þjónustusamningur við félagið verði endurskoðaður. Félagið hefur þurft að ganga á eigið fé til að standa við hlutverk sitt og hefur verið hikandi við að stofna styrktarsjóð við þær aðstæður.

## 9. Rekstrargjöld


Rekstrargjöld greinast þannig:	2021	2020
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	26.673.300	24.994.065
Laun stjórnar .....	448.875	612.500
Bifreiðastyrkir .....	720.000	700.000
Mótframlag í lifeyrissjóð .....	3.652.018	3.444.624
Tryggingagjald .....	1.921.126	1.889.497
Sjúkra- og orlofssjóðir .....	626.822	574.704
Endurgreiddur launakostnaður .....	0	(550.000)
Annar starfsmannakostnaður .....	579.999	401.568
	<u>34.622.140</u>	<u>32.066.958</u>
Meðalfjöldi starfsmanna .....	3,0	3,0
<b>Kostnaður vegna ættleiðinga</b>		
Skyrslur og þýðingar .....	791.000	1.145.182
Undirbúningsnámskeið .....	516.400	992.250
Erlendur kostnaður .....	2.139.884	2.793.527
Annar kostnaður .....	888.110	553.522
Endurgreiddur kostnaður .....	(2.402.349)	(3.501.754)
	<u>1.933.045</u>	<u>1.982.727</u>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Rekstur uppýsingakerfis og hugbúnaðarpjónusta .....	310.187	274.191
Sími .....	451.007	298.004
Bækur, blöð og áskrift .....	55.955	47.014
Annar skrifstofukostnaður .....	627.467	66.415
Reikningsskil .....	809.224	786.505
Önnur aðkeypt þjónusta .....	21.390	21.390
Fundir, ráðstefnur og móttökur .....	126.361	136.111
	<u>2.401.591</u>	<u>1.629.630</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Félagastarf .....	582.569	251.018
Námskeið .....	84.000	0
Húsaleiga .....	3.879.973	3.684.338
Öryggisþjónusta .....	250.879	221.050
Ræsting og hreinlætisvörur .....	310.200	266.651
Aðkeyptur akstur .....	10.500	8.000
Keypt áhöld og tæki .....	84.985	47.995
Ferðakostnaður .....	0	20.875
Vátryggingar .....	69.627	64.834
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	(507.597)	550.897
	<u>4.765.136</u>	<u>5.115.658</u>

## ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni.

Reykjavík 17.mars 2022

Stjórn:

Eliorabet H. Ólafsson  
Tinna Þórarinsdóttir  
Lisavðjarglínusdóttir  
Bergnind Guðrún Gudmundsdóttir  


Framkvæmdastjóri

  
Kristján Þórváðsson



## ÆTTLEIÐINGARSAGA – OKKAR BARNALUKKA

Við hjónin höfðum gefist upp á að eignast barn með hefðbundnu leiðinni eftir mörg ár af svekkjandi prófum. Fórum í okkar fyrsta viðtal hjá Íslenskri Ættleiðingu árið 2015 og sóttum síðan námskeiðið „Er ættleiðing fyrir mig?“ árið 2016 sem var byrjunin á okkar barnaláni. Við fengum forsamþykkið okkar í júní 2017 og vorum komin á biðlista í Tékklandi í nóvember sama ár. Árin 2016 og 2017 einkenndust af mikilli pappírvinnu og möppuskipulagi til þess að halda utan um allt. Strax jólín 2017 vorum við, vinir og fjölskylda viss um að það kæmi að þessu á örfáum mánuðum, þó svo að meðal biðtíminn væri um 2 ár. Ömmurnar fóru að prjóna og við breyttum til heimafyrir og gerðum barnaherbergi. Barnaherbergi sem átti síðan eftir að standa autt í þó nokkur ár.

Oft í gegnum árin sem við biðum fengum við tilfinninguna að nú kæmi símtal, það þyrfti sko að passa að hafa símann ekki á silent og helst hafa símann í hendinni allan daginn. Daginn sem símtalið kom loksins grunaði okkur ekki neitt. Klukkan þrjú seinni partinn þann 30.mars árið 2021 hringir síminn. Svandís sem vann að heiman vegna faraldursins sat við launaútreikninga þar sem stutt var í útborgun. Síminn hringir úr óþekktu númeri og sambandið er lélegt, aðeins heyrast stutt hljóðbrot frá karlmanni á hinni línum. Símtalið slitnaði og Svandís heldur áfram að vinna. Mínútu seinna hringir sama númerið, þá tekst viðkomandi að segja „...staddur hérna á gosstöðvunum og lélegt samband“ áður en símtalið slitnar aftur. Svandís furðaði sig á því hver þyrfti að ná svona nauðsynlega í hana í slíku símasambandi, þekkti hún einhvern sem var að ganga að gosinu? Einhver náinn henni sem slasaði sig kannski? Hún þurfti ekki að velta því lengi fyrir sér þar sem síminn hringdi aftur og loksins náði Kristinn, þáverandi framkvæmdastjóri Íslenskrar Ættleiðingar að kynna sig. Svandís segir strax „er þetta símtalið?“ já segir hann „það er drengur, fæddur 2019 og er á fósturheimili“.

Dagurinn var einkennilegur eftir það. Jói var staddur í gönguferð uppá Hellisheiði þegar Svandís hringir hágrátandi og segir honum að hlaupa heim því þau séu að fara í Reykjavík og fá frekari upplýsingar. Við áttum að funda með Íslenskri ættleiðingu seinni um daginn þegar að Kristinn væri kominn aftur til byggða. Gangan tók lengri tíma en allir áttu von á og vorum við mætt heim til Kristins rétt fyrir miðnætti um kvöldið. Ekki stóð til að fresta fundinum þó svo að honum langaði líklega ekkert meira en að skríða upp í rúm eftir langa göngu. Í rólegri stemmingu í stofunni hjá honum fórum við yfir öll gögn sem til voru um verðandi son okkar. Við tókum ákvörðun á



staðnum og fengum að sjá nokkrar myndir, sem gerði þetta allt raunverulegt. Röðin var komin að okkur, við vorum að verða foreldrar.

Við bönkum uppá hjá mömmu hennar Svandísar um miðja nótt með gleðifréttirnar og sáum lengi vel með tár á vanga og horfðum á myndirnar af fullkomna barninu okkar.

Venjulega hafa verðandi foreldrar aðeins nokkrar vikur frá því að þau fá símtal og þangað til þau fara til upprunaland barnsins en okkur var sagt að það gætu verið margir mánuðir í það þar sem Covid-19 var í fullum gangi þar. Það var þó ekki nema nokrum vikum seinna sem við fáum þær upplýsingar að við séum að fara á svokallaðan núllfund í gegnum fjarfundarbúnað eftir 6 daga og fáum að hitta strákinn í Tékklandi eftir 14 daga. Við förum á fullt að gera og græja, bóka flug og gistingar og allt með smá auka flækjustigi þar sem miklar faraldurs takmarkanir voru gildandi í Tékklandi á þessum tíma. Allt tókst þetta þó og við vorum komin út 1.maí 2021. Þann 5.maí fengum við síðan loksns að hitta Ými Kára okkar.




Fyrsta myndin af okkur öllum saman

Aðstæðurnar við fyrstu kynni voru skrítin, inni í lítilli stofu vorum við, fósturfjölskyldan, þeirra félagsráðgjafi, túlkur, sálfræðingur og lögfræðingur. Allir voru með símana á lofti að taka myndir og myndbönd af þessu stóra augsnabliki, allir voru að horfa á okkur verðandi foreldrana og hvernig við nálguðumst barnið.

Óraunverulegt að vera að hitta barnið þitt í fyrsta skipti með svona marga áhorfendur. Sem betur fer voru flestir farnir eftir hádegið þann dag og bara við, fósturforeldrarnir og túlkurinn eftir. Mikið spennufall og tilfinningarússíbani þarna

fyrstu dagana. Við eyddum fyrstu vikunum inná heimili fósturforeldra á meðan hann var að venjast okkur, svo að hans aðlögun væri eins hnökralaus og hægt væri. Þegar að hann kom síðan til okkar yfir nótt í fyrsta skipti þá kom fósturmamman með til þess að hjálpa honum að aðlagast. Ferlið gekk ofboðslega vel, góð samskipti við fósturforeldrana skiptu öllu máli. Ótrúlegt hvað við náðum vel saman þrátt fyrir að geta ekkert talað, þau töluðu enga ensku og við enga tékknesku. Öll samskipti fóru fram í gegnum google translate á símunum.



Aðeins að kynnast pabba sínum, skoða úrið hans.



Ýmir Kári vildi mikið og vill enn láta halda á sér þannig að burðarpokinn varð fljótt okkar uppáhalds ferðamáti.

## REGNHLÍFASAMTÖK



EurAdopt, félag ættleiðingarsamtaka í Evrópu, fylgdist grannt með þróun ættleiðingarmála bæði í Evrópu og víðar í heiminum árið 2021 eins og áður. Covid-19 hélt áfram að hafa áhrif, sérstaklega á rekstrargetu nokkurra félaga sem til heyri samtökunum. Neikvæð umræða um ættleiðingar hefur haft mikil áhrif á stöðu ættleiðinga sérstaklega í Hollandi þar sem lokað var fyrir alþjóðlegar ættleiðingar til landsins hluta af árinu. Stefnt var að því að halda EurAdopt ráðstefnu sem frestað hafði verið árinu áður í apríl 2021 en vegna Covid-19 var ráðstefnunni frestað aftur og aðalfundur haldinn rafrænt. Elísabet Hrund Salvarsdóttir var fulltrúi félagsins í EurAdopt 2021 og Tinna Þórarinsdóttir var varafulltrúi og fylgjast þær með gangi mála og tóku þátt í umræðum fyrir hönd félagsins, bæði á rafrænum fundum og í gegnum aðrar rafrænar leiðir eins og Signal.




Íslensk ættleiðing er aðili að samtökum norrænna ættleiðingarfélaga, Nordic Adoption Council (NAC). NAC eru félagasamtök 12 ættleiðingarfélaga og félaga kjörfjölskyldna á Norðurlöndunum. Tilgangur NAC er að skapa vettvang fyrir norrænt samstarf í ættleiðingarmálum og málefnum tengdum ættleiðingum. Fulltrúar félaganna sitja í stjórn samtakanna. Elísabet Hrund Salvarsdóttir,

framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar er formaður NAC en hún tók við stöðu formanns á árinu 2020. Berglind Glóð Garðarsdóttir, stjórnarmaður ÍÆ tók við sem fulltrúi félagsins í NAC á árinu en Lísa Björg Lárusdóttir, sitjandi formaður ÍÆ sem áður var fulltrúi félagsins í NAC tók við stöðu varafulltrúa.

Vegna stöðu heimsfaraldurs COVID-19 gat stjórn NAC ekki hist á árinu eins og áform höfðu verið um. Fjarfundir voru þó haldnir reglulega yfir árið og hafa samskipti innan samtakanna því í reynd fremur aukist. Á fundunum greindu fulltrúar frá fréttum af ættleiðingartengdum málefnum frá eigin landi og þá voru rædd ýmis mál tengd ættleiðingum sem voru í deiglunni hverju sinni. Líkt og á árinu 2020 var eitt helsta umræðuefni NAC áhrif COVID-19 á framgang ættleiðinga í heiminum. Deildu fulltrúar með sér upplýsingum bæði hvað varðar stöðuna í eigin landi og í þeim upprunaríkjum sem félögin eru í samstarfi við. Faraldurinn hafði líkt og árið 2020 þau áhrif að ættleiðingum fækkaði, m.a. vegna ferðatakmarkana auk þess sem hægðist á ferlinu í aðildarlöndum.

NAC stóð fyrir tveimur „webinar“ á árinu, þar sem fengnir voru sérfræðingar til að halda fyrirlestra í formi fjarfunda. Fyrri var haldin 27. maí og hélt þar Jesús Palacios, frá Spáni fyrirlestur sem bar heitið „*Children's recovery after adoption*“. Í kjölfarið var opnað fyrir spurningar og var auk þess boðið upp á umræðuhópa. Síðari fyrirlesturinn var haldin 17. nóvember og flutti þar Dr. Anneke JG Vinke, frá Hollandi fyrirlestur sem bar heitið „*Finding families: adoptive parenting assessment, matching and post adoption services*.“ Báðir fyrirlestrarnir gengu vel og var almenn ánægja meðal aðildarfélaga NAC með viðburðina. Er því ljóst að heimsfaraldur COVID-19 hefur leitt af sér nýjar leiðir í bæði samskiptum og fræðslu sem NAC hefur nýtt sér og mun trúlega gera áfram.



## SAMSTARFSLÖND

### ČESKÁ REPUBLICA

Félagið fékk fyrst löggildingu til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Tékklandi árið 2004 og gildir núverandi löggilding til 19.03.2022. Alls hafa verið ættleidd 51 börn með milligöngu félagsins frá Tékklandi. 5 umsóknir hafa nú verið samþykktar af UMPOD og bíða afgreiðslu. 1 umsókn er í skoðun og bíður þess að vera samþykkt og 1 umsókn er í bið. Meðal biðtími eftir pörum við barn frá Tékklandi hefur verið rúmt ár en hefur aðeins verið að lengjast og er nú rúmlega 2 ár.

### Colombia

Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2022. Alls hafa verið ættleidd 15 börn með milligöngu félagsins frá Kólumbíu. Þrjár umsóknir eru samþykktar á biðlista frá Íslenskri ættleiðingu hjá ICBF. Kólumbía er eina samstarfsland Íslenskrar ættleiðingar sem tekur á móti umsóknum samkynja hjóna og er annað af tveimur löndum í heiminum sem gerir það.

### 中國

Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2022. Alls hafa 183 börn verið ættleitt með milligöngu félagsins frá Kína. Tvær umsóknir eru samþykktar af CCCWA og bíða afgreiðslu. Listi vegna barna með skilgreindar þarfir hefur legið í dvala um nokkurt skeið vegna Covid-19 og var hann ekki vaktaður á árinu þar sem hann hefur ekki verið uppfærður frá því í júlí 2020. Meðal biðtími eftir pörum við barn á lista barna með skilgreindar þarfir hefur í gegnum tíðina verið mjög stuttur eða rétt undir 6 mánuðum. Biðtími hefur verið að lengjast talsvert og er nú meira en 2 ár.

### TOGO

Löggilding um milligöngu gildir til 01.07.2023. Alls hafa 7 börn verið ættleidd með milligöngu félagsins frá Tógó. Tvær umsóknir eru í ferli í Tógó. Meðal biðtími eftir pörum hefur verið rúm tvö ár.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK 2021

### Stjórn

Elísabet Hrund Salvarsdóttir

Stjórnarformaður

Lísa Björg Lárusdóttir

Varaformaður

Meðstjórnendur

Berglind Glóð Garðarsdóttir

Brynja Dan Gunnarsdóttir

Dylan Herrea

Tinna Þórarinsdóttir

Sigurður Halldór Jesson (í leyfi)

### Starfsfólk

Kristinn Ingvarsson

Framkvæmdastjóri

Ragnheiður Davíðsdóttir

Verkefnastjóri

Rut Sigurðardóttir

Félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur

*Aðeins þær stofnanir skulu fá og halda viðurkenningu sem sýna fram á getu sína til að leysa vel af hendi þau verkefni sem þeim kunna að verða falin.*